

Fundargerð 8. ársfundar Þekkingarseturs Suðurnesja

Fundur var haldinn fimmtudaginn 28. maí 2020 kl. 16:00 að Garðvegi 1, Sandgerði.

Dagskrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra og ritara

Fríða Stefánsdóttir, stjórnarformaður Þekkingarseturs Suðurnesja, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hún lagði til að Guðmundur Grétar Karlsson tæki að sér fundarstjórn og að Hanna María Kristjánsdóttir yrði skipuð ritari. Samþykkti fundurinn það einróma.

2. Skýrsla stjórnar

Fríða Stefánsdóttir, stjórnarformaður, fór yfir skýrslu stjórnar fyrir árið 2019. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu Þekkingarsetursins.

3. Ársreikningur ársins 2019

Lilja Dögg Karlsdóttir, endurskoðandi hjá KPMG, kynnti endurskoðaðan ársreikning Þekkingarsetursins fyrir árið 2019 sem stjórn hafði áður samþykkt einróma. Hagnaður varð af rekstri setursins á árinu að fjárhæð 7,7 milljónir kr. Heildareignir námu 25,7 milljón kr. í árslok en skuldir voru 12,3 milljónir kr. Ársreikningurinn er aðgengilegur á heimasíðu Þekkingarsetursins: <http://thekkingarsetur.is/thekkingarsetur-sudurnesja/skjol/>

4. Starfsáætlun ársins 2020 lögð fram til kynningar

Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja fjallaði um starfsáætlun setursins fyrir árið 2020. Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu Þekkingarsetursins.

5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 16:50.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.



ÞEKKINGARSETUR SUÐURNESJA
Suðurnes Science and Learning Center

Björk Guðjónsdóttir - Sign

Halldór Pálmar Halldórsson - Sign

Fríða Stefánsdóttir - Sign

Hanna María Kristjánsdóttir - Sign

Guðmundur Grétar Karlsson - Sign

Sigrún Svafa Ólafsdóttir - Sign